

SAMÞYKKT

um meðhöndlun úrgangs í Sveitarfélaginu Ölfusi.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. hirðu, söfnun og förgun úrgangs í Sveitarfélaginu Ölfusi.

2. gr.

Sveitarfélagið Ölfus annast meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu. Undir þetta ákvæði fellur m.a. ábyrgð á móttöku spilliefna og meðhöndlun úrgangs til vinnslu t.d. lífræns úrgangs, landbúnaðarplasts, brotamálma og annars flokkaðs úrgangs í samráði við og undir eftirliti heilbrigðisnefndar Suðurlands.

Sveitarstjórn sér til þess að íbúar fái fræðslu um flokkun og aðra meðferð úrgangs, móttöku hans og förgun, t.d. með útgáfu leiðbeininga.

3. gr.

Markmið samþykktarinnar er:

- a. að lágmarka það úrgangsmagn sem fer til förgunar með því að auka endurvinnslu og endurnýtingu úrgangs,
- b. að lágmarka kostnað samfélagsins við meðhöndlun úrgangs,
- c. að kostnaður vegna úrgangs greiðist af þeim sem úrganginum veldur.

Í átt að hringrásarhagkerfi – heildarstefna Íslands í úrgangsmálum er lögð til grundvallar samþykkt þessari.

4. gr.

Sveitarfélagið Ölfus ber ábyrgð á hirðu og flutningi á heimilisúrgangi í sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd sorphirðu og móttöku annars úrgangs, þ.m.t. móttöku spilliefna, brotajárns og landbúnaðarplasts. Þeir aðilar sem þetta annast skulu hafa til þess tilskilin starfsleyfi í samræmi við lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Förgun úrgangs skal framkvæmd undir yfirstjórn og á ábyrgð sveitarstjórnar. Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum að sjá um förgun úrgangs og samskipti við þá aðila sem við á.

5. gr.

Húsráðendum s.s. húseigendum og öðrum umráðamönnum húsnæðis er skylt að nota þær aðferðir og þau ílát við geymslu og meðferð úrgangs sem kveðið er á um í samþykkt þessari í samráði við heilbrigðisnefnd og í samræmi við lög og reglur þar að lútandi.

Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphirðumenn. Þær skulu staðsettar saman ef um fjölbýlishús er að ræða. Í deiliskipulagi nýrra hverfa skal tekið tillit til sorpgeymslna við skipulagningu.

Húsráðendur skulu halda ílátum hreinum og í góðu ástandi. Húsráðendur skulu hreinsa snjó frá sorpgeymslum og sorpílátum eins og þörf krefur til að halda ávallt greiðfærri leið að þeim.

6. gr.

Við öll íbúðarhús skulu vera þrjú sorpílát, fyrir pappír og pappa, fyrir plast og fyrir blandaðan úrgang, auk íláts fyrir lífúrgang. Við fjölbýli eru ílátin stakar tunnur eða kör. Lög um fjöleignarhús gilda við ákvarðanir húsfélaga um fyrirkomulag á sorpílátum til söfnunar. Þau gjöld sem greidd eru fyrir sorphirðuna fara eftir fjölda, tegundum tunna ásamt losunartíðni. Hússtjórn þarf að óska eftir breytingum sem hafa áhrif á gjöld fyrir meðhöndlun úrgangs. Hægt er að sækja um að vera með aukailát.

Í fjöleignarhúsum er breytilegum gjöldum fyrir meðhöndlun úrgangs skipt eftir hlutfallstölum eigenda í viðkomandi sameign, sbr. 43. og 45. gr. laga um fjöleignarhús, nr. 26/1994. Útreikningur hlutfallstölu skal byggður á reglugerð um eignaskiptayfirlýsingar, útreikning hlutfallstalna o.fl. í fjöleignarhúsum, nr. 910/2000.

Fasteignaeigendur í Sveitarfélaginu Ölfusi þurfa sjálfir að útvega sér sorpílát og geta keypt ílát og íhluti í gegnum heimasíðu sveitarfélagsins. Ílátin eru eign og á ábyrgð fasteignaeiganda og gerð þeirra skal vera samþykkt af umhverfis- og framkvæmdasviði Sveitarfélagsins Ölfuss.

7. gr.

Í sorpílát fyrir heimilisúrgang má aðeins setja þann úrgang sem fellur til við heimilishald í samræmi við nánari fyrirmæli sem kunna að verða sett um flokkun úrgangs. Upplýsingar um fyrirkomulag flokkunar má finna á heimasíðu sveitarfélagsins. Sorphirðumönnum ber aðeins skylda til að losa viðurkennd sorpílát.

Óheimilt er að láta dýrahæ, rúmfrekan garðaúrgang, jarðvegsefni, þ.m.t. grjót, múrbrot o.þ.h., brotajárn, húsgögn, raftæki og annan grófan úrgang í sorpílát. Slíkum úrgangi, skal komið á viðurkenndar móttöku- og söfnunarstöðvar. Sérstök söfnun á úrgangstegundum, öðrum en þeim sem tilgreindar eru í 6. gr., í samræmi við 10. gr. laga nr. 55/2003 fer fram á söfnunar- og móttökustöð sveitarfélagsins í Þorlákshöfn.

Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum sem hætta er á að skaði þá sem meðhöndla úrgang eða sorpílát skal pakkað inn eða gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt.

Gæta skal þess að fylla ekki sorpílatin meira en svo að auðveldlega megi loka þeim. Húsráðanda ber að skila umframúrgangi á viðurkennda móttökustaði á vegum sveitarfélagsins.

8. gr.

Hirða heimilisúrgangs skal fara fram reglulega eftir fyrirframgerðri áætlun, staðfestri af sveitarstjórn. Íbúum skal kynnt tíðni hirðu úrgangs með hæfilegum fyrirvara.

Allan úrgang sem að mati húsráðenda þarf að losa örar en gert er ráð fyrir samkvæmt áætlun þar um skal húsráðandi sjálfur og á eigin kostnað losa í móttökustöð á fyrirframákveðnum stöðum.

9. gr.

Fyrirtæki, stofnanir, bújarðir eða býli með atvinnustarfsemi skulu sjálf sjá um að koma rekstrarúrgangi í söfnunarstöð eða móttökustöð. Frágangur og umgengni um sorpílát svo og flutningur á úrgangi frá þessum aðilum skal vera í samræmi við fyrirmæli heilbrigðisnefndar.

Rekstraraðilum er skylt að endurnýta eða flokka þann úrgang sem til fellur hjá þeim í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og kröfur sveitarfélagsins. Þeir bera ábyrgð á flutningi og meðhöndlun rekstrarúrgangs sem til

fellur í starfsemi þeirra og bera af honum allan kostnað, eftir því sem nánar er kveðið á um í 16. gr. reglugerðar nr. 803/2023.

II. KAFLI

Gjaldtaka vegna meðhöndlunar úrgangs.

10. gr.

Sveitarstjórn skal innheimta gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs í samræmi við 2. mgr. 23. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003. Gjaldið skal ákveðið í gjaldskrá sem sett er samkvæmt ákvæðum 23. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, og 5. mgr. 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Gjöld mega aldrei vera hærri en nemur þeim raunkostnaði sem verður til í sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi svo og við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarstjórn er heimilt að haga gjaldskrá fyrir sorpgjöld með þeim hætti að það hvetji íbúa til að draga úr sorpmagni sem fer til urðunar.

Heimilt er að leggja gjöld þessi á hvert íbúðarhús, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur þjónustunnar.

Gjöld skal miða við fjölda sorphirðufláta, hvort sem um er að ræða flokkaðan eða óflokkaðan úrgang og tíðni söfnunar. Heimilt er að innheimta móttökugjald hjá fyrirtækjum og stofnunum samkvæmt magni og efnisflokki úrgangs, sbr. 9. gr. samþykktar þessarar.

Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Í gjaldskránni skal vísa til þessarar samþykktar.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

11. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna meðhöndlunar úrgangs, skal hann koma slíkri kvörtun á framfæri við umhverfis- og framkvæmdasvið Sveitarfélagsins Ölfuss, framkvæmdaraðila eða til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

12. gr.

Óheimilt er að skilja eftir eða geyma rusl, garðaúrgang og annan úrgang á götum, gangstígum við sorpgáma eða á opnum svæðum í sveitarfélaginu. Það sama á við um númerslausar bifreiðar, báta eða önnur tæki. Heilbrigðisnefnd er heimilt að hreinsa lóð á kostnað eiganda telji nefndin þörf á vegna mengunar og óhollustu, sbr. d-lið 2. mgr. 14. gr. reglugerðar um meðhöndlun úrgangs, nr. 803/2023.

Heimilt er að hafa á lögbýlum afmörkuð geymslusvæði fyrir númerslausar bifreiðar, báta eða önnur tæki og skal leitast við að hafa sjónræn áhrif þeirra í algjöru lágmarki. Öðrum er skylt að sækja um geymslusvæði fyrir slíka hluti og verða þau erindi afgreidd af umhverfis- og framkvæmdasviði sveitarfélagsins.

13. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum XVII. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og 68. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003.

14. gr.

Samþykkt þessi sem er samþykkt af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss og sett samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, sbr. ákvæði 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998,

staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 11. desember 2025.

F. h. r.

Erla Arnardóttir.

Trausti Ágúst Hermannsson.

B deild - Útgáfudagur: 30. desember 2025